

Skilmálar Advania um aðgang að Microsoft skýjalausnum

Hér á eftir fara þeir skilmálar sem gilda um notkun og aðgang að Microsoft skýjalausnum á vegum Advania.

Sé kaupandi að samþykkja skilmála þessa fyrir hönd þriðja aðila staðfestir kaupandi að hann/hún hafi stöðuumboð eða heimild fyrir því að samþykkja skilmálana og í krafti þess heimild til að skuldbinda umræddan þriðja aðila samkvæmt skilmálum þessum, og öðrum skilmálum sem um þjónustuna gilda. Samþykki samkvæmt framansögðu felur í sér bindandi samning á milli Advania og kaupanda. Hvers konar notkun á þjónustunni jafngildir enn frekari staðfestingu á áskrift.

Advania áskilur sér einhliða rétt til að breyta skilmálum þessum og munu breytingar verða tilkynntar með 30 daga fyrirvara.

1. Hlutverk Microsoft Corporation og Advania

Microsoft skýjalausnir eru hugbúnaðarlausnir sem fyrirtækið Microsoft Corporation, sem hefur höfuðstöðvar sínar í Bandaríkjunum, býður viðskiptavinum sínum upp á. Með Microsoft skýjalausnum geta notendur vistað gögn sín hjá fyrirtækinu, haft afnot af þjónustum yfir netið og háð áskriftarleiðum haft afnot af hugbúnaði á eigin búnaði.

Microsoft Corporation er seljandi og eigandi að Microsoft lausnum. Advania er samstarfsaðili Microsoft Corporation og sinnir í umboði Microsoft m.a. milligöngu um sölu á Microsoft skýjalausnum í gegnum hið svokallaða Cloud Solutions Provider (CSP) program. Sem milligönguaðili sér Advania um innheimtu greiðslna vegna kaupa á Microsoft áskriftum og viðbótarþjónustu. Þannig snýr samningssamband kaupanda við Advania eingöngu að innheimtu greiðslna og viðbótarþjónustu vegna Microsoft áskrifta en ekki að hugbúnaðinum sem slíkum. Um Microsoft skýjalausnir gilda skilmálar Microsoft sem kaupandi samþykkir með skilmálum þessum, eins og nánar kemur fram í 2. grein skilmála þessara.

Advania er ekki eigandi Microsoft hugbúnaðarins. Þannig ber Advania til dæmis ekki ábyrgð á hýsingu, meðferð gagna eða uppi tíma þjónustunnar. Advania býður til sölu ráðgjafarþjónustu, notendabjónustu og innleiðingarþjónustu til þeirra sem vilja kaupa aðstoð við notkun á áskriftarþjónustunni eins og nánar er fjallað um í grein 3.

2. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um notkun og aðgang að áskriftarþjónustu Advania fyrir Microsoft skýjalausnir. Um notkun og aðgang gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar Advania, sem í gildi eru á hverjum tíma, að því leyti sem annað er ekki sérstaklega tilgreint í þessum skilmálum eða öðrum samningum aðila. Almennir viðskiptaskilmálar Advania eru aðgengilegir á heimasíðu félagsins, <https://advania.is/skilmalar/>.

Um þjónustu Microsoft skýjalausna gilda skilmálar Microsoft (e. Microsoft Customer Agreement (MCA) Terms and Conditions, sjá fylgiskjal 1.

3. Þjónusta

Við kaup á aðgangi að Microsoft skýjalausnum er kaupandi að kaupa aðgang að hugbúnaði Microsoft í gegnum Advania.

Kaupandi getur valið að gera við Advania sérstakan þjónustusamning og greiðir þá gjald fyrir þá viðbótarþjónustu í samræmi við þann þjónustusamning. Advania býður upp á ráðgjafarþjónustu, notendabþjónustu og innleiðingarþjónustu í tengslum við notkun kaupanda á áskriftarþjónustunni. Að öðrum kosti greiðir kaupandi fyrir veitta þjónustu samkvæmt gjaldskrá. Um alla veitta þjónustu af hálfu Advania og gjaldskrá gilda almennir viðskiptaskilmálar Advania. Gjaldskrána má nálgast á heimasíðu Advania, www.advania.is/gjaldskra.

4. Samningstími

Við gerð samnings á Microsoft skýjalausnum hefur kaupandi val um binditíma eitt ár eða einn mánuð. Binditími samnings hefst þann dag sem pöntun á skýjalausnum er gerð. Á binditíma samningsins er ekki er hægt að fækka leyfum en kaupanda er ávallt heimilt að fjölga leyfum.

Endurnýjun samnings miðast við dagsetningu pöntunar skýjalausnar, þ.e. einu ári eða einum mánuði eftir dagsetningu pöntunar eftir því hvað kaupandi valdi í upphafi („endurnýjunardagsetning“), og ber kaupandi ábyrgð á að fylgjast með dagsetningu endurnýjunar.

Kaupandi skal senda Advania tilkynningu um uppsögn samnings eða fækkun á leyfum a.m.k. tveimur vikum fyrir endurnýjunardagsetningu („uppsagnartímabil“).

Sé áskrift ekki sagt upp á uppsagnartímabili endurnýjast áskrift skýjalausna sjálfkrafa um sama binditíma og kaupandi valdi í upphafi.

5. Verð og greiðsluskilmálar

Verð Microsoft skýjalausna er byggt á verðskrá Microsoft Corporation. Verð eru reiknuð út frá erlendum gjaldmiðlum og miðast við dagsetningu pöntunar og gilda út binditíma. Við endurnýjun samnings, hafi honum ekki verið sagt upp í samræmi við grein 4 í þessum skilmálum, uppfærast verðið í samræmi við gildandi verðskrá Microsoft Corporation hverju sinni.

Advania innheimtir gjald fyrir þjónustuna í samræmi við val kaupanda um greiðslu áskriftar það framboð sem Microsoft býður uppá. Eindagi reiknings skal vera 20 dögum eftir útgáfudag.

Komi til greiðsludráttar af hálfu kaupanda áskilur Advania sér rétt til innheimtu dráttarvaxta á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Komi til verulegs greiðsludráttar áskilur Advania sér rétt til að loka tímabundið á þjónustuna og krefjast opnunargjalds þegar hún er opnuð að nýju. Verulegur greiðsludráttur telst vera greiðsludráttur sem varir í meira en 30 daga eftir eindaga reiknings. Advania áskilur sér rétt til að fjarlægja uppsetningu kaupanda af vörunni í kerfum Microsoft 30 dögum eftir lokun. Ef tímabil vanskila fer yfir endurnýjunartíma áskriftar er Advania heimilt að fjarlægja uppsetninguna á lokadegi áskriftar.

6. Ábyrgðartakmarkanir

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h.

Advania ber eingöngu ábyrgð á beinu tjóni viðskiptavinar sem rekja má til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi Advania eða aðila sem Advania ber ábyrgð á. Advania ber í engu tilviki ábyrgð á rekstrartapi viðskiptavinar og/eða þriðja aðila, né heldur óbeinu, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni slíkra aðila, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna.

Utan þess sem greinir í skilmálum þessum skal ábyrgð Advania vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samning aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Advania fyrir þjónustuna sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

Framangreindar ábyrgðartakmarkanir gilda ekki að því marki sem lög kveða á um bann við takmörkun ábyrgðar.

7. Meðferð ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur vegna Microsoft hugbúnaðar eiga einungis Microsoft Corporation og viðkomandi kaupandi aðild að slíkri deilu. Um gildandi löggjöf og varnarþing í slíkri deilu fer eftir ákvæðum Microsoft Customer Agreement (Sjá fylgiskjal 1) og þeim lögum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Með því að ljúka skráningarferlinu staðfestir kaupandi Microsoft áskriftarþjónustu Advania að hann sé samþykkuð framangreindu og skuldbindur sig til að beina engum kröfum að Advania vegna umkvörtunarefna sinna sem tengjast Microsoft áskriftarþjónustu Advania, að öðru leyti en er varðar veitingu aðgangs að Microsoft skýjalausninni fyrir milligöngu Advania. Komi slíkur ágreiningur upp skulu samningsaðilar leitast við að leysa úr þeim ágreiningi sín á milli. Takist samningsaðilum ekki að leysa úr ágreiningi skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

FYLGISKJAL 1

Microsoft Customer Agreement (MCA) Terms and Conditions

These terms and conditions are between Microsoft and the customer for the use of Microsoft software and services.

The terms are evergreen, meaning they do not expire and will update automatically as new products are added. No transactions or changes to existing subscriptions are allowed without acceptance of these terms.

As a Microsoft Reseller Advania is obligated to ensure customer acceptance.

Download and read the [Microsoft Customer Agreement](#)

Select your location and language

Purchase Channel CSP Partner

Audience Commercial

I hereby confirm that I have read and accept the terms of the Microsoft Customer Agreement (MCA) <https://www.microsoft.com/licensing/docs/customeragreement>